

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Suðurnesjabæjar, nr. 450/2018, með síðari breytingum.

1. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki 1.1 um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar, sem birtur er með samþykkt þessari.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Suðurnesjabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 14. febrúar 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.

VIÐAUKI 1.1

Um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

I. Grundvöllur.

1. gr.

Grundvöllur.

Viðauki þessi er settur á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Tilgreindum starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar er í samþykkt þessari falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í samþykkt þessari hver hefur heimild til að taka ákvörðun f.h. Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar hefur sviðsstjóri fjölskyldusviðs eða deildarstjóri barnaverndarþjónustunnar heimild til að taka slíka ákvörðun, sbr. 44. gr. b í samþykkt um stjórn Suðurnesjabæjar nr. 1619/2022 með síðari breytingum.

2. gr.

Skilgreining á hugtökum.

Deildarstjóri er stjórnandi Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar.

Lögmaður/lögfræðingur starfar fyrir Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar á grundvelli samnings.

Meðferðarfundir eru að jafnaði haldnir vikulega og stýrt af deildarstjóra barnaverndarþjónustu, sviðsstjóra fjölskyldusviðs eða sérhæfðum starfsmanni barnaverndarþjónustu. Í fjarveru deildarstjóra og sviðsstjóra getur tiltekinn sérhæfður starfsmaður stýrt fundi fyrir þeirra hönd.

Meðferðarfundur er fundur teymis, þar sem fram fara umræður um einstök mál, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð, lagt mat á stefnu máls og teknar ákvarðanir. Allar ákvarðanir sem teknar eru á fundum eru bókaðar í fundargerð.

Sérhæfður starfsmaður barnaverndarþjónustu starfar á skrifstofu barnaverndarþjónustu í teymi og telst sérhæft starfsfólk í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þetta eru starfsmenn með eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi barnaverndarþjónustu eða ráðgjafi barnaverndarþjónustu.

Starfsmaður er starfsmaður Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar.

Teymi er hópur sérhæfðra starfsmanna sem starfa hjá Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar.

Sviðsstjóri er stjórnandi fjölskyldusviðs Suðurnesjabæjar sem barnaverndarþjónusta heyrir undir.

Tilkynninga- og úthlutunarfundur er vikulegur fundur hjá barnaverndarþjónustu þar sem teknar eru ákvarðanir um könnun máls og úthlutun tiltekinna mála til starfsmanna. Fundinum er stýrt af deildarstjóra barnaverndarþjónustu, sviðsstjóra fjölskyldusviðs eða sérhæfðum starfsmanni barnaverndarþjónustu. Allar ákvarðanir sem teknar eru á fundum eru bókaðar í fundargerð.

3. gr.

Heimildir og umboð starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í forföllum eða fjarveru deildarstjóra leysir sviðsstjóri hann af til fullnaðarafgreiðslu einstaka mála. Gildir þetta um alla ákvarðanatöku sem fjallað er um í viðauka þessum.

4. gr.

Starfslið.

Deildarstjóra og sviðsstjóra er heimilt að semja um þjónustukaup við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu og sérfræðiþjónustu.

Deildarstjóra og tilteknum sérhæfðum starfsmanni barnaverndarþjónustu er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð mála eftir því sem þörf er á hverju sinni. Þá er deildarstjóra og sviðsstjóra heimilt að semja við utanaðkomandi aðila sem hafa tilskilin leyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála um rekstur vistheimila eða annarra úrræða á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

5. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónustu.

Deildarstjóri getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi, þó barn hafi fasta búsetu í umdæmi Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar. Sömuleiðis getur deildarstjóri eða sérhæfður starfsmaður að gefnu samþykki deildarstjóra eða sviðsstjóra samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga.

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga vegna barns sem statt er í umdæmi Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar en hefur fasta búsetu annars staðar getur sérhæfður starfsmaður, að gefnu samþykki deildarstjóra, eða sviðsstjóra án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Starfsmaður skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið sem skal taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

II. Upphaf og könnun barnaverndarmáls.

6. gr.

Nafnleynd.

Tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar, óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd skal ákvörðun um afgreiðslu beiðninnar tekin á meðferðarfundi barnaverndarþjónustunnar og staðfest af sviðsstjóra eða deildarstjóra.

Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísvitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur sviðsstjóri eða deildarstjóri tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur deildarstjóri eða sviðsstjóri í samráði við lögfræðing barnaverndarþjónustu óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

7. gr.

Ákvörðun um könnun máls.

Þegar tilkynning berst er hún tekin fyrir á tilkynninga- og úthlutunarfundi til ákvarðanatöku eða hvort ekki sé ástæða til að hefja könnun máls. Deildarstjóri eða sviðsstjóri tekur ákvörðun á tilkynninga- og úthlutunarfundi um hvort hefja skuli könnun máls. Ákvörðun um að hefja könnun máls skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Deildarstjóri eða sviðsstjóri tekur

ákvörðun um að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga.

Ef brýna nauðsyn ber til hefur sérhæfður starfsmaður heimild til að hefja könnun án þess að tilkynninga- og úthlutunarfundur hafi fjallað um málið. Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar deildarstjóri málinu til sérhæfðs starfsmanns.

8. gr.

Úthlutun annarra mála.

Málum sem heyra undir Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar en eru ekki unnin á grundvelli V. kafla barnaverndarlaga skal deildarstjóri úthluta til sérhæfðs starfsmanns.

9. gr.

Skipan talsmanns.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við deildarstjóra taka afstöðu til þess í bókun á tilkynninga- og úthlutunarfundi hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

10. gr.

Könnun máls.

Sérhæfður starfsmaður sem fer með könnun máls, skv. 7. gr. viðauka þessa, sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Hann leitast við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáraðila, þó ætíð með hagsmuni barns að leiðarljósi. Sérhæfður starfsmaður fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. barnaverndarlaga. Sérhæfður starfsmaður tekur þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns sbr. 22. gr. a. barnaverndarlaga. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber sérhæfðum starfsmanni við upphaf könnunar og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um rétt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Að lokinni könnun máls skulu sérhæfður starfsmaður og deildarstjóri taka ákvörðun á meðferðarfundi um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 1. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

11. gr.

Lögreglurannsókn.

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur sérhæfður starfsmaður ákvörðun um að óska lögreglurannsóknar. Eftir atvikum skal leita samþykkis forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barnið. Deildarstjóri skal upplýstur um að máli hafi verið vísað í lögreglurannsókn.

12. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga getur sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við deildarstjóra eða sviðsstjóra framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga.

Með samþykki forsjáraðila getur sérhæfður starfsmaður tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra án samráðs við deildarstjóra eða sviðsstjóra. Deildarstjóri skal upplýstur um ákvörðunina.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga lýsir er sérhæfðum starfsmanni heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr., að fara inn á heimili enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

III. Ráðstafanir barnaverndarþjónustu.

13. gr.

Áætlun um meðferð máls.

Sérhæfður starfsmaður, í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirrita áætlunina f.h. Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar.

Sérhæfður starfsmaður skal gera drög að einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd og 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga. Drög þessi skulu lögð fyrir meðferðarfund barnaverndarþjónustu til umfjöllunar og fullnaðarafgreiðslu og samþykkt af sviðsstjóra eða deildarstjóra.

Sérhæfður starfsmaður og deildarstjóri taka ákvörðun á meðferðarfundi um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.

14. gr.

Framkvæmd meðferðaráætlunar.

Sérhæfður starfsmaður skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Sérhæfður starfsmaður getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

15. gr.

Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.

Sérhæfður starfsmaður og deildarstjóri geta, með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri mælt fyrir um að:

- a. Barnaverndarþjónusta Suðurnesjabæjar taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafi barni í fóstur,
- b. Barnavernd Suðurnesjabæjar taki við forsjá eða umsjá barns og visti barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leiti annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns, sbr. a- og b-lið, skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki deildarstjóra getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

16. gr.

Vinnsla máls meðan vistun og fóstur varir.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða fóstur barns skal sérhæfður starfsmaður fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða fóstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. barnaverndarlaga, sækja um vistun/fóstur á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, ganga frá áætlun um trygga umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. barnaverndarlaga, koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera umgengnissamning, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af fóstri eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

17. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Sérhæfður starfsmaður og deildarstjóri taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, um að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði upp úrskurð á grundvelli 26.-29. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

18. gr.

Úrræði vegna ófæddra barna.

Sérhæfður starfsmaður og deildarstjóri taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, um að sett skuli fram krafa fyrir dómi um sviptingu sjálffræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðisлага, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

19. gr.

Endurskoðun ráðstafana.

Sérhæfður starfsmaður og deildarstjóri að höfðu samráði við lögfræðing taka afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

20. gr.

Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.

Sérhæfður starfsmaður og deildarstjóri taka ákvörðun að undangengnu samráði á meðferðarfundi um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal lögð fyrir meðferðarfund.

IV. Ráðstöfun barna í fóstur.

21. gr.

Fóstur.

Sérhæfður starfsmaður og deildarstjóri taka ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. barnaverndarlaga og 2. gr. reglugerðar nr. 858/2013 um greiðslur vegna barna í fóstur. Sérhæfður starfsmaður og deildarstjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í fóstursamningi, svo sem forsjáskyldur fósturforeldra, fósturtíma, greiðslur til fósturforeldra, umgengni í fóstur, stuðning við barn og fósturforeldra og annað sem máli skiptir.

22. gr.

Beiðni um fósturheimili og val á fósturforeldrum.

Sérhæfður starfsmaður sendir beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 804/2004 um fóstur. Sérhæfður starfsmaður velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra. Sérhæfður starfsmaður skal leita umsagnar forsjárlaus foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur.

23. gr.

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar getur sérhæfður starfsmaður með samþykki deildarstjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundi tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins. Með ákvörðun sérhæfðs starfsmanns og deildarstjóra, að undangengu samráði á meðferðarfundi, er heimilt, ef hagsmunir barns eru taldir best tryggðir með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins.

24. gr.

Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. tekur sérhæfður starfsmaður með samþykki deildarstjóra ákvörðun um að hitt foreldrið taki við umsjá þess eða aðrir taki við umsjá þess.

25. gr.

Fóstursamningur.

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal deildarstjóri eða sérhæfður starfsmaður ganga frá fóstursamningi og undirrita fyrir hönd Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar.

Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma skal sérhæfður starfsmaður meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ef þörf er á endurskoðun fóstursamnings taka sérhæfður starfsmaður og deildarstjóri ákvörðun með bókun þar um, að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra getur sérhæfður starfsmaður með samþykki deildarstjóra með rökstuddri ákvörðun breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi.

26. gr.

Greiðslur til fósturforeldra.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarþörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu fóstri með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013.

Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal sérhæfður starfsmaður með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi taka afstöðu til beiðninnar með rökstuddri bókun.

27. gr.

Slit fóstursamnings.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mælt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra þar um getur sérhæfður starfsmaður Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar með bókun meðferðarfundar breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi með rökstuddri ákvörðun.

28. gr.

Framfærsluskyllda foreldra.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum getur sérhæfður starfsmaður með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í fóstri að hluta eða öllu leyti. Ef ekki næst samkomulag skal afgreiða málið með rökstuddri ákvörðun á meðferðarfundi.

29. gr.

Umgengni í fóstri.

Við ráðstöfun barns í fóstur skal sérhæfður starfsmaður hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgengninnar, að undangenginni bókun meðferðarfundar. Ef ekki næst samkomulag um umgengni getur sérhæfður starfsmaður með samþykki deildarstjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundum gert tillögu um að umdæmisráð barnaverndar úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 81. og 74. gr. barnaverndarlaga.

V. Málsmeðferð barnaverndarmála.

30. gr.

Aðgangur að gögnum máls.

Deildarstjóri tekur ákvörðun, að höfðu samráði við sérhæfðan starfsmann og lögfræðing, um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga.

31. gr.

Aðstoð lögmanns.

Bæjarstjórn samþykkir reglur um veitingu fjárstyrks til að greiða fyrir lögmannsaðstoð, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

Deildarstjóri í samráði við sviðsstjóra tekur ákvörðun um veitingu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur um veitingu fjárstyrks.

32. gr.

Kæruheimildir og endurupptaka mála.

Aðilum máls er í samræmi við 6. gr. barnaverndarlaga. heimilt að skjóta úrskurðum og stjórnvaldsákvörðunum barnaverndarþjónustu eftir því sem nánar er kveðið á um í barnaverndarlögum, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Starfsmenn barnaverndarþjónustu bera ábyrgð á að upplýsa aðila máls um kæruheimildir og kæruleiðir samhliða því þegar aðilar máls eru upplýstir um ákvarðanir barnaverndarþjónustu.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til þess starfsmanns sem ekki tók hina upphaflegu ákvörðun, skv. 5. mgr. 48. gr. a samþykktar um stjórn Suðurnesjabæjar nr. 450/2018 með síðari breytingum. Telji sá að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal Barnaverndarþjónusta Suðurnesjabæjar taka málið upp að nýju.

VI. Úrræði á ábyrgð sveitarfélagsins.

33. gr.

Sumardvöl fyrir börn.

Starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að starfrækja sumardvöl í umdæmi Suðurnesjabæjar sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 652/2004, sbr. reglugerð nr. 1666/2022. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

34. gr.

Stuðningsfjölskyldur.

Starfsmenn barnaverndarþjónustu skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda sbr. 8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, 85. gr. barnaverndarlaga og VI. kafla reglugerðar nr. 652/2004, sbr. reglugerð nr. 1666/2022. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

35. gr.

Heimili og önnur úrræði á vegum Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar.

Sérhæfður starfsmaður gerir samninga við vistunaraðila skv. 5. gr. reglugerðar nr. 652/2004 sem hafa tilskilin leyfi, hafa samskipti við Barna- og fjölskyldustofu og aðra aðila vegna þeirra úrræða sem fjallað er um í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004.

36. gr.

Útvistun mála samkvæmt VI. kafla.

Sviðsstjóri getur falið öðrum starfseiningum fjölskyldusviðs að sinna vinnslu verkefna skv. VI. kafla viðauka þessa eða annað sem til þarf vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla og reglugerð nr. 652/2004.

VII. Umsagnarmál.

37. gr.

Umsagnir samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999.

Sérhæfður starfsmaður annast könnun mála vegna umsagnar Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar um ættleiðingar skv. 16. gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir meðferðarfund með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður umsækjanda og hvort umsækjandi uppfylli skilyrði í samræmi við ættleiðingarlög og reglugerð um ættleiðingar.